

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

134. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 7. nóvember 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17.10.2013:
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2012:
4. Skipun í fulltrúaráð Eyþings:
5. Stígamót – styrkbeiðni:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerðir 245., 246. og 247. fundar stjórnar Eyþings:
- c) Innanríkisráðuneytið – Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar:
- d) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið; endurnýjun á rekstrarleyfi og undir 3. lið; nýtt rekstrarleyfi og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Endurnýjun á rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 5. nóvember s.l. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar á Bergi í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

3. Nýtt rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 6. nóvember s.l. um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar á Lautavegi 8 í Reykjadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

4. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17.10.2013:

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar.

5. Aðalfundarboð Veidifélags Fnjóskár 2012:

Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Fnjóskár 2012 sem haldinn verður í Skógum í Fnjóskadal mánudaginn 11. nóvember n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6. Skipun í fulltrúaráð Eyþings:

Fyrir fundinum liggur bréf, dags. 4. nóvember s.l. frá Pétri Þór Jónassyni, framkvæmdastjóra Eyþings. Óskað er eftir að Þingeyjarsveit skipi sinn fulltrúa í fulltrúaráð Eyþings, sbr. tillögu sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings 2013 þann 27. og 28. september. Hlutverk fulltrúaráðsins er að vera stjórn til ráðgjafar í veigamiklum málum og að tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings.

Samþykkt að Arnór Benónýsson verði aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar í fulltrúaráð Eyþings og Margrét Bjarnadóttir varafulltrúi.

7. Stígamót - styrkbeiðni:

Lögð fram fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2014 þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hafnar erindinu og vísar til árlegs styrks sveitarfélagsins til Aflsins, systrasamtaka Stígamóta á Akureyri.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerðir 245., 246. og 247. fundar stjórnar Eypings:
- c) Innanríkisráðuneytið – Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar:
- d) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:20

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson